

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 2014 í máli nr. E-1768/2013:

Landsbankinn hf.

(Þorvaldur Emil Jóhannesson hdl.)

gegn

Stefáni Kjærnested

(Lúðvík Örn Steinarsson hrl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. október sl., er höfðað af Landsbankanum hf., Austurstræti 11, Reykjavík, á hendur Stefáni Kjærnested, Sólvallagötu 63, Reykjavík, með stefnu birtri 23. apríl 2013.

Stefnandi gerir þá dómkröfu að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 50.000.000 króna ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. október 2012 til greiðsludags. Jafnframt krefst hann málskostnaðar að mati dómsins.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar að mati dómsins.

II.

Mál þetta er til komið vegna sjálfskuldarábyrgðar er stefndi tókst á hendur gagnvart Landsbanka Íslands hf. vegna láns bankans til Húsaleigu ehf. að jafnvirði 80.000.000 króna. Var lán þetta svokallað fjölmýntalán til fimm ára og sagði í lánessamningi, sem undirritaður var 30. ágúst 2007, að lánið væri veitt í eftirgreindum myntum og hlutföllum: CHF 70% og JPY 30%. Skyldi lánið greiðast með 60 mánaðarlegum afborgunum með lokagjalddaga 10. september 2012. Fram kemur í gr. 11.2 í samningnum að til frekari tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra skuldbindinga samkvæmt samningnum takist stefndi á hendur sjálfskuldarábyrgð á fjárhæð samkvæmt samningnum sem nemi 50.000.000 króna.

Taki ábyrgðin til greiðslu höfuðstóls allra láns hluta, auk vaxta, dráttarvaxta og vaxtavaxta, svo og alls kostnaðar sem af vanskilum kunni að leiða. Gildi ábyrgðin jafnt þótt greiðslufrestur verði veittur á skuldbindingum samkvæmt samningnum.

Með heimild í 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun 9. október 2008 að ráðstafa öllu eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf., nú Landsbankans hf., stefnanda í máli þessu.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar hinn 9. júní 2011, í málinu nr. 155/2011, ákvað stefnandi að endurútreikna eftirstöðvar umrædds láns til Húsaleigu ehf. á þeim forsendum að lánessamningurinn væri líkur samningi sem Hæstiréttur hefði komist að niðurstöðu um í fyrrgreindu máli að væri skuldbinding í íslenskum krónum, bundin við gengi erlendra gjaldmiðla, sem stríddi gegn ákvæðum 13. og 14. gr., sbr. 2. gr., laga nr. 38/2001. Var lánið endurútreiknað miðað við lægstu óverðtryggðu vexti Seðlabankans í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2001, sbr. og lög nr. 151/2010. Miðaðist endurútreikningurinn við 11. október 2011, en skilmálar lánsins, aðrir en um vexti og gengistryggingu, héldust óbreyttir.

III.

Stefnandi byggir á því að skv. gr. 10.2 í umræddum lánessamningi Landsbanka Íslands hf. og Húsaleigu ehf. hafi stefndi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á fjárhæð samkvæmt samningnum sem nemi 50.000.000 króna. Taki ábyrgðin til greiðslu höfuðstóls allra láns hluta, auk vaxta, dráttarvaxta og vaxtavaxta, svo og alls kostnaðar sem af vanskilum kunni að leiða. Gildi ábyrgðin jafnt þótt greiðslufrestur verði veittur á skuldbindingum samkvæmt samningnum.

Bent sé á að lokagjalddagi lánsins hafi verið 10. september 2012 og hafi lánið því allt verið fallið í gjalddaga. Vegna hugsanlegrar óvissu um nákvæma stöðu lánsins vegna réttaróvissu í kjölfar dóms er gengið hafi í Hæstarétti 15. febrúar 2012, í máli nr. 600/2011, sé aðalskuldara, Húsaleigu ehf., ekki stefnt í þetta sinn, en félagið sé í eigu Framkvæmdaráðs ehf., sem sé aftur að öllu leyti í eigu stefnda. Lántaki hafi fengið greiddar til sín 79.190.000 krónur, að teknu tilliti til lántökugjalds og kostnaðar við skjalagerð. Þá nemi heildarendurgreiðslur vegna lánsins 9.198.353 krónum, en síðasta innborgun hafi borist 11. september 2008. Samkvæmt því sé augljóst að eftirstöðvar lánsins séu mun hærri en sem nemi hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðar stefnda í málinu. Síðasta innheimtuviðvörðun hafi verið send stefnda 17. september 2012 og sé krafist dráttarvaxta úr hendi stefnda einum mánuði frá dagsetningu hennar, með vísan til 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Byggt sé á meginreglu kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og efnaskyldu loforða, þ. á m. ábyrgðaskuldbindinga.

IV.

Stefndi byggir á því að krafa stefnanda sé niður fallin vegna fyrningar, að öllu leyti eða hluta, enda reiknist fyrningarfrestur krafna sem stofnist vegna vanefnda frá þeim degi þegar samningur sé vanefndur, en ekki hafi verið greitt af kröfu stefnanda síðan í september 2008 og almennur frestur kröfuréttinda sé fjögur ár. Því sé mótmælt að stefnanda sé heimilt að miða gjalddaga kröfunnar við síðustu innheimtuviðvörðun sem send hafi verið stefnda, enda standi engin lagaheimild til þess að seinka þannig upphafstíma fyrningarfrests. Sé í því sambandi bent á að í málinu liggi fyrir lokaviðvörðun stefnanda, dags. 2. mars. 2009. Verði stefnanda talið þetta heimilt yrði með því farið á skjön við lög um fyrningu kröfuréttinda. Hér sé og til þess að líta að stefnandi hafi fengið dóm yfir aðalskuldara láns í sambærilegu máli, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1014/2011, þar sem gjaldfelling lánasamningsins hafi miðast við fyrstu vanskil. Telji stefndi ótvírætt að hið sama eigi við í máli þessu enda verði að gera ríkar kröfur til aðila eins og stefnanda, í aðstöðu sem þessari, sérstaklega gagnvart einstaklingum sem bankinn hafi látið undirgangast sjálfskuldarábyrgðir. Trauðla geti gengið að aðila eins og stefnda sé í sjálfsvald sett hvenær upphafsdagur fyrningar sé, þvert á fyrirsmáli laga um fyrningu, en um lánasamninginn í máli þessu gildi lög nr. 14/1905, sbr. gildistökuákvæði laga nr. 150/2007.

Á því sé einnig byggt að ósanngjarnt sé og andstætt góðri viðskiptavenju að stefnandi beri umræddan lánasamning fyrir sig, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Einnig sé hvað þetta varði vísað til ákvæðis til bráðabirgða í VII. kafla laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, þar sem fram komi að heimilt sé að víkja ábyrgð til hliðar í heild eða að hluta á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 og að teknu tilliti til þeirra atvika er leitt hafi til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. nr. 125/2008. Af fyrirbyggjandi gögnum sé ljóst að fjárhagsvandræði Húsaleigu ehf. megi rekja beint til þeirra atvika sem leitt hafi til setningar laga nr. 125/2008. Fyrir þann tíma hafi Húsaleiga ehf. staðið í skilum með skuldbindingar sínar en í kjölfar þess hruns sem orðið hafi á fjármálamarkaði í október 2008 hafi rekstur fyrirtækisins jafnframt hrunið. Um leið hafi stefndi þar með að mestu orðið tekjulaus.

Stefndi sé eignalaus, fyrir utan þann hlut sem hann eigi í Húsaleigu ehf., og sé svigrúm hans til að standa við skuldbindingar sínar við stefnanda samkvæmt sjálfskuldarábyrgðinni því ekkert. Þar sem ljóst sé að það yrði sýnu þungbærara fyrir stefnda að verða dæmdur til að greiða stefnanda umrædda fjárhæð en fyrir stefnanda að stefndi yrði sýknaður af kröfu stefnanda vegna sjálfskuldarábyrgðarinnar beri að víkja samningi aðila vegna ábyrgðarinnar til hliðar, enda verði að telja það ósanngjarnt og/eða andstætt góðri viðskiptavenju að

bera hann fyrir sig.

Jafnframt sé vísað til markmiðs og ákvæða samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Telji stefndi að jafnvel þótt samkomulagið taki samkvæmt orðanna hljóðan aðeins til notkunar ábyrgða á skuldum einstaklinga beri að byggja á meginreglum þess, annað hvort með beinum hætti eða þannig að það samkomulag sé haft til hliðsjónar þegar metið sé hvort víkja beri ábyrgð til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Markmið samkomulagsins, sbr. 1. gr. þess, sé í öllu falli það að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga almennt og að lánveitingar skuli miðaðar við greiðslugetu greiðenda. Verði að telja ljóst að öll skilyrði tilvitnaðrar 36. gr. og ábyrgðar ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 32/2008 séu uppfyllt þannig að víkja megi sjálfskuldarábyrgð stefnda til hliðar og sýkna hann af dómkröfum í máli þessu.

Vegna varakröfu um verulega lækkun á dómkröfu stefnanda sé vísað til þess að a.m.k. hluti dómkröfunnar, þar á meðal hluti dráttarvaxta, sé niður fallinn vegna fyrningar. Einnig sé á því byggt vegna þessarar varakröfu að umræddum samningi aðilanna beri að víkja til hliðar að hluta þannig að sanngjörn niðurstaða fái í málið, með hliðsjón af sömu sjónarmiðum og stefndi vísi til vegna sýknukröfu sinnar.

V.

Niðurstaða

Stefndi byggir sýknukröfu sína aðallega á því að krafa stefnanda á hendur honum sé fyrnd að öllu leyti eða að hluta. Um fyrningu á umræddri kröfu fer eftir ákvæðum þágildandi laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, en til kröfunnar stofnaðist með undirritun stefnda sem sjálfskuldarábyrgðaraðila undir fyrrgreindan lánsamning stefnanda og Húsaleigu ehf. hinn 30. ágúst 2007. Samkvæmt 4. tl. 3. gr. laganna er fyrningarfrestur á kröfu stefnanda á hendur stefnda fjögur ár og skv. 2. málslíð 2. mgr. 5. gr. telst sá frestur frá þeim degi er krafan á hendur stefnda sem ábyrgðarmanni varð gjaldkræf í raun og veru, jafnvel þótt ábyrgðarkrafan hefði getað fallið fyrir í gjalddaga fyrir uppsögn á aðalkröfunni. Samkvæmt gr. 12.1 í umræddum lánsamningi var stefnanda heimilt að gjaldfella lánið samkvæmt samningnum einhliða, fyrirvaralaust og án viðvörunar þegar vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta höfðu varað í 14 daga eða lengur. Verður að líta svo á að stefnandi hafi þurft að sýna í verki að hann vildi beita þeim rétti sem í framangreindu ákvæði fólst. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að stefnandi hafi ekki gert neinn reka að gjaldfellingu lánsins, eða í það minnsta að tilkynna stefnda að hún hefði átt sér stað, fyrir en með innheimtubréfi, dags. 21. júlí 2009. Þannig verður hvorki ráðið af svokallaðri lokaviðvörun, dags. 2. mars 2009, sem einungis virðist hafa verið beint að aðalskuldara lánsins, né innheimtubréfi, dags. 30. mars 2009, að lánið hafi á þeim tíma verið gjaldfellt. Hins vegar kemur

bæði fram í innheimtubréfi stefnanda til stefnda, dags. 21. júlí sama ár, og þeirri stefnu sem stefnandi gaf út á hendur aðalskuldara lánsins og stefnda hinn 28. október 2009, í máli sem fellt var niður að kröfu stefnanda, að lánið hefði verið gjaldfellt hinn 30. apríl það ár. Þar sem ekkert er fram komið í málinu um annað verður því hér við það að miða að fyrningarfrestur kröfu stefnanda gagnvart stefnda hafi byrjað að líða þann dag, eða 30. apríl 2009. Þar sem mál þetta var höfðað innan loka fyrningarfrests kröfunnar, eða hinn 23. apríl 2013, verður að hafna framangreindri málsástæðu stefnda um að krafa stefnanda á hendur honum sé fyrnd.

Þá vísar stefndi til þess að ósanngjarnt sé og andstætt góðri viðskiptavenju að stefnandi beri umræddan lánasamning fyrir sig, sbr. 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936 og ákvæði til bráðabirgða í VII. kafla laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Telur hann að víkja beri ábyrgð stefnda til hliðar af þessum sökum og verði þá einnig við mat á því að horfa til markmiðs og ákvæða „samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga“. Samkomulagi þessu er þó ekki lýst nánar og liggur það ekki fyrir í málinu. Þegar af þeirri ástæðu, og einnig því sem fram kemur í greinargerð stefnda að samkomulagið taki samkvæmt orðanna hljóðan ekki til ábyrgðar stefnda þar sem það nái einungis til ábyrgða á skuldum einstaklinga, verður ekki til þess horft við úrlausn málsins.

Í 2. mgr. 2. laganna nr. 32/2009 kemur fram að með ábyrgðarmanni sé átt við einstakling sem gangist persónulega í ábyrgð eða veðsetji tilgreinda eign sína til tryggingar efnidum lántaka enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans. Er tekið fram í álitni viðskiptanefndar Alþingis um frumvarpið til laganna að með eigin atvinnurekstri sé átt við atvinnurekstur þar sem viðkomandi þiggi meginhluta launa sinna. Þar sem fram kemur í greinargerð stefnda að hann hafi verið eigandi Húsaleigu ehf. og orðið að mestu tekjulaus er rekstur þess félags hrundi verður þegar af þeirri ástæðu að hafna því að lögum nr. 32/2009 verði beitt um ábyrgð stefnda í máli þessu.

Fram kemur í 36. gr. laga nr. 7/1936 að við mat á því hvort víkja beri samningi til hliðar í heild eða að hluta, á þeim grundvelli að ósanngjarnt verði talið eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, skuli horfa til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Er það mat dómsins að stefndi hafi ekki sýnt fram á neinar þær ástæður sem leitt geta til þess að samningi aðila verði breytt eða honum vikið til hliðar með vísan til framangreindra sjónarmiða.

Með vísan til framangreinds, og þar sem sjónarmið um brostnar forsendur geta heldur ekki leitt til þeirrar niðurstöðu að víkja beri ábyrgð stefnda til hliðar að hluta eða öllu leyti, verður öllum málsástæðum stefnda þar að lútandi hafnað. Samkvæmt því verður krafa stefnanda í málinu tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Ásgeir Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Stefán Kjærnested, greiði stefnanda, Landsbankanum hf., 50.000.000 króna ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. október 2012 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.